

**Ed.**

## **25. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 49, 10. nóv. 1913, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

3. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, falli niður.

### **Greinargerð.**

Eins og kunnugt er, standa fyrir dyrum stórfeldar hafnarbætur á Ísafirði, þegar er við verður komið. Til afnota í því skyni þarf að taka eignarnámi lóðarspildu, sem nú er í höndum einstakra manna, eigi að eins þar sem hafnarmannvirkin eiga að standa, heldur og þar sem taka þarf efni til hafnargarðanna. Er fyrirsjáanlegt, að það getur valdið bænum talsverðu tjóni, að láta eignarnámið, eins og þessi 3. gr. ákveður, biða uns fje er fengið til hafnargerðarinnar óg lóðir þá að sjálfsgöðu stignar í verði. Slíkt ákvæði er eigi í öðrum eignarnámslögum vorum, og virðist því einsætt að fella það niður.